

Ég undirritaður Hilmar Einarsson hef ákveðið að bjóða mig fram til kirkjuþings.

Fjölskylduhagir mínir eru að ég er kvæntur Moniku Sigurlaugu Baldursdóttur sem fædd er og uppalin í skjóli ömmu sinnar og nöfnu að Merkgigli í Austurdal, Skagafirði. Eigum við Monika þrjú uppkomin börn og tvö barnabörn.

Sjálfur er ég fæddur í Reykjavík árið 1957. Móðir mín var Valdís Hildur Valdimars og Einar Jónsson. Eftir ótímabært lát móður frá fjórum ungum börnum sínum ólumst við systkinin upp í Norðurmýrinni hjá systrunum Steinunni og Margréti Valdimarsdætum, sem lengst af voru kenndar við Hótel Skjaldbreið þar sem þær voru um árabil hótelhaldarar og veitingakonur, en þær ólu móður okkar einnig upp.

Ég hef verið fulltrúi í sóknarnefnd Grafarvogskirkju í um tvo og hálfan áratug. Bakgrunnur minn í kirkjulegu starfi á rætur að rekja til ungdóms mín í þátttöku í Kristilegu félagi ungra manna og systurhreyfingum þess t.d. kristilegu skólahreyfingunni.

Skólaganga mín hófst í Ísaksskóla og að honum afloknum í Austurbæjarskóla. Að afloknu sveinsprófi í iðngrein minni gull- og silfursmíði dvaldi ég um hríð í Noregi við störf og nám. Ég var m.a. um eins ár skeið við nám í skóla norska kristniboðssambandsins Fjellhaug sem hefur verið ágætlega sóttur af Íslendingum sem hafa þar búið sig undir nám, störf og aðkomu að kristilegum vettvangi og margir áttað sig og búið sig þar undir guðfræðinám.

Ég er lærður gull- og silfursmiður og hef starfað að mestu við þá iðngrein í um 49 ár. Um áratuga skeið hef ég gegnt margvíslegum ábyrgðarstörfum fyrir starfsstétt mína meðal annars í opinberu stjórnarsýslu- fræðslu og prófa brasi er varðar iðngreinina og hef þar öðlast reynslu af ábyrgðarstörfum á sviði stjórnarsýsluréttar.

Árið 2013 lauk ég námi í lögfræði sem ég nam samhliða rekstri gullsmíðaverkstæðis míns. Á námstímanum fékk ég tækifæri til að kryfja málefni 62. og 63. greina stjórnarskrárinnar. Hvað fyrri greininna varðar krufði ég hana grunnnámi mínu, ásamt samnemendum þ.e. tengsl kirkju og ríkis með sérstaka áherslu að það sem Pétur Kr. Hafstein fv. Forseti kirkjuþings hefur nefnt í ræðu og riti „skilnað þessara lögaðila að borði og sæng“. Þess má geta að Pétur veitti undirrituðum góð ráð við smíði þess verkefnis. Í framhaldsnámi mínu til ML gráðu fékk ég það spennandi verkefni í námsgreininni stjórnarskráfræði að kryfja 63. greinina sem af sumum er nefnd trúfrelsisákvæði.

Að framan töldu hef ég skiljanlega grundvöll til að byggja á við það ábyrgðarfulla verkefni sem ég býð mig hér fram til. Hin evangelísk lútherska þjóðkirkja okkar Íslendinga er mér hugleikin og hugur minn stendur til þess

öðru fremur að styrkja þá stöðu hennar sem felst í merkingu sjálfs þjóðkirkjuhugtaksins sem er nú um mundir mikilvægt í þeirri stöðu hennar sem snýst um þjónustu við þjóðina á frjálsslyndum grundvelli þeirrar trúarlegu menningarhefðar sem hún styður við.

Nokkrar hugleiðingar sem ég reifaði á kynningarfundum frambjóðenda til kirkjuþings sem haldinn var í Beiðholtskirkju 4. maí.

Kjarni þessara hugleiðinga er sá hvati sem býr að baki ákvörðun um framboð mitt til kirkjuþings. Mikilvægt er að hafa slík atriði í huga auk hinna fyrirferðarmiklu praktísku og fjárhagslegu verkefna sem á kirkjuþingi hvíla.

Komið til mín, allir... kærleiksríkt boð Jesú Krists hljómar í gegn um boðskap þann sem Kristi kirkja hrópar út í veraldarrýmið. Í gegn um boðskap hennar svífur andi Krists yfir vötnum um að þjóna fólki í öllum aðstæðum þess, andlegum jafnt sem veraldlegum. Kirkjan lætur sig þannig, í Jesú nafni, varða um félagslegar, fjárhagslegar aðstæður og heilsu manna þar sem boðskapur Kristninnar felst í mannhyggju í anda Krists, hún er í eðli sínu húmanísk og styður við allt velviljað fólk sem lætur sig velferð annara varða hvort heldur sem hún er andleg eða veraldleg. Mannúð og virðing er leiðarljós Jesú Krists sem leiðtoga og fyrirmyndar sem fylgjendur frelsarans frá Nasaret reyna að tileinka sér. Hin íslenska, evangelíska lútherska þjóðkirkja leitast við að uppfylla skyldur sínar sem felast í eðli þjóðkirkjuhugtaksins sem undanskilur engan frá umhyggju og þjónustu sinni.

Það er ljóst að einstaklingar og samtök sem brenna fyrir þeirri hugsjón að brjóta niður kristni og kirkjulega starfsemi í almannarými, hafa tekið traustataki ýmsar hugsjónir og grundvallaratriði kristni og kirkju og gert að sínum. Hugtakanotkun Húmanísks manngildis hefur til dæmis grímulaust verið tekin traustataki og er nú notuð af einstaklingum og samtökum til þess að reyna að greina sig frá kristni Aog kirkju á meðan hugtakanotkunin er hluti af kjarna kristninnar.

Undirritaður vill hér reifa upplifun sína í árdaga styrjaldarinnar um skólaæskuna þar sem óeigingjörnu starfi Gídeonfélagsins, ásamt annarri mikilvægri starfsemi á sama vettvangi var úthýst. Í síðustu skólaheimsókn minni við annan mann á vegum framangreindrar hreyfingar, var okkur vel tekið með jákvæðu viðmóti stjórnenda viðkomandi skóla. Við sama tækifæri sýndi kennari viðkomandi bekkjardeilda okkur gestunum verulega fjandsamlegt viðmót sem gleymist ekki, okkur var ekki heilsað og ekki kynntir fyrir börnunum, þau voru skilin í reiðuleysi eftir í kennslustofu sinni meðan

kennarinn strunsaði burt. Á þessum tímapunkti fengum við gestirnir á tilfinninguna að svo virtist sem styrjöld væri hafin um sálirnar.

Það var síðan nokkrum árum síðar að vænn hópur samferðafólks úr Kristilegum skólasamtökum frá áttunda áratug síðustu aldar, átti endurfund. Til samverunnar var meðal annars helsta mentor hópsins boðið. Séra Sigurður Pálsson þáði það boð ásamt konu sinni Jóhönnu Möller. Í lok samverunnar flutti Sigurður okkur kjarnyrta hugvekju, eins og honum var einum lagið. Þar brýndi hann viðstadda til dáða með því að hann hefði um langt skeið einbeint sér að því að verjast fjandsamlegum öflum sem vildu helst niðurbrot kristni og kirkju, nú væri komið að okkur sem á hlýddu að standa vaktina. Undirritaður tók orð Sigurðar til sín með því að taka um tíma þátt í rökræðum á vettvangi bloggs. Þar sem skipst var á skoðunum og rökræðum um kirkju og kristni mörgum hverjum hinum ágætustu en aðrar voru það harðvítugar að ég ákvað að draga mig í hlé og hef ekki tekið frekari þátt í slíku né þeim kommentakerfum nútímans þar sem styrjaldarástand ríkir nánast.

Upplifun undirritaðs af því sem hér að framan hefur verið lýst er slík að mér er fullkomlega ljóst að harðvítugri orðræðu og athöfnum er beint gegn kirkju og kristni. Samtök sem sum hver eru beinlínis stofnuð til slíks fjandsamlegs niðurbrots, beita grímulausum aðferðum þar sem fólk er kvatt til úrsagnar úr Þjóðkirkjunni og jafnvel hafður áberandi tengill á heimasíðum til þess að auðvelda fólki að segja sig úr Þjóðkirkjunni.

Það má spurningamerki við framgöngu slíkra hópa hvort þeir slysast yfir línu ákvæða um trúfrelsi þar sem ráðist sé að trúarsannfæringu stórs hluta þjóðarinnar sem eru meðlimir sjálfstæðs trúfélags sem Þjóðkirkjan er í dag. Umræða um ólögmetta orðræðu gagnvart einstaklingum og hópum vegna uppruna, kennda eða margvíslegrar afstöðu hefur verið hávær, slík orðræða gildir einnig um hvern og einn einstakling sem myndar hinna evangelísku lúthersku þjóðkirkju, þeir njóta sömu verndar gagnvart illri orðræðu og aðrir.